




Ársskýrsla 2003

47. reikningsár



TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN



Annual Report 2003 / 47th Financial Year



TRYGGINGAMIDSTÖÐIN

STOFNSETT 7. DESEMBER 1956
HÓF STARFSEMI 1. JANÚAR 1957

Stjórn:

Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson, formaður
Guðbjörg Matthíasdóttir, varaformaður
Geir Zoëga, ritari
Eiríkur S. Jóhannsson
Sigurbjörn Magnússon
Sindri Sindrason
Þorsteinn Már Baldvinsson

Forstjóri:

Gunnar Felixson

Endurskoðendur:

PricewaterhouseCoopers ehf.

Skoðunarmaður:

Kristinn V. Jóhannsson

Varaskoðunarmaður:

Auður Einarsdóttir

Efnisyfirlit

Skýrsla forstjóra um starfsemi félagsins á árinu 2003	3
Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra	7
Áritun endurskoðenda	8
Rekstrarreikningur ársins 2003	9
Efnahagsreikningur 31. desember 2003	10
Sjóðstreymi ársins 2003	12
Skýringar með ársreikningi 2003.....	13
Fimm ára yfirlit.....	24
Annual Report of the Board and the Managing Director.....	28
Profit and Loss Account for the year 2003.....	29
Balance Sheet as at December 31st 2003	30
Cash Flow Statement for the Year 2003	32
Summary of Insurance Classes	33
Five Year Highlights from the Annual Accounts	34

Skýrsla forstjóra um starfsemi félagsins á árinu 2003

Aðalfundur félagsins var haldinn 19. mars 2003 og voru eftirtaldir kosnir í stjórn félagsins: Ástríður Gísladóttir, Einar Sigurðsson, Geir Zoëga, Gunnar Þór Þórarinnsson, Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson, Sigurbjörn Magnússon og Þorsteinn Már Baldvinsson. Stjórnin skipti þannig með sér verkum að Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson var kosinn formaður og Einar Sigurðsson varaformaður. Kaldbakur hf. keypti 32,76% hlut í félaginu á árinu og óskaði Kaldbakur eftir hluthafafundi sem haldinn var 11. september. Á fundinum var kosin ný stjórn og hana skipa: Eiríkur S. Jóhannsson, Geir Zoëga, Guðbjörg Matthíasdóttir, Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson, Sindri Sindrason, Sigurbjörn Magnússon og Þorsteinn Már Baldvinsson. Stjórnin skipti með sér verkum og er Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson formaður og Guðbjörg Matthíasdóttir varaformaður.

Hlutfé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 932.396.168 kr. Hluthafar í árslok voru 492 en 518 í ársbyrjun. Í árslok áttu tveir hluthafar yfir 10% hlutfjár, Kaldbakur hf. 32,76% og Fram hf. 19,95%.

Ársreikningurinn, sem er samstæðuársreikningur, felur í sér ársreikninga Tryggingamiðstöðvarinnar og dótturfélaganna, Líftryggingamiðstöðvarinnar og Tryggingar, sem eru að öllu leyti í eigu Tryggingamiðstöðvarinnar. Líftryggingamiðstöðin hf. var stofnuð 19. september 2002 en hóf sölu trygginga í byrjun ársins 2003. Starfsemi Tryggingar er óveruleg. Hún er eingöngu fólgin í eignaumsýslu og uppgjöri útstandandi tjóna í erlendum endurtryggingum. Ársreikningur félagsins er í megin atriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og fyrri ársuppgjör. Allur samanburður í skýrslu þessari byggist á samstæðunni nema annað sé tekið fram.

Hagnaður samstæðunnar árið 2003 var 1.424 mkr. eftir skatta, en var 455 mkr. árið áður og er þetta besta rekstrarár í sögu félagsins. Vátryggingareksturinn gekk vel á árinu en megin skýringin á auknum hagnaði er óvenju mikill hagnaður af sölu fjárfestinga.

Hagnaður af fjármálarekstri var 750 mkr. en var 438 mkr. árið 2002. Hagnaður af hlutdeildarfélögum var 57 mkr., en 6 mkr. árið áður. Tekjur af eignarhlutum í öðrum félögum voru 206 mkr. en var 109 mkr. árið áður. Vaxtatekjur og gengismunur voru svipaðar og árið áður eða 710 mkr. á móti 712 mkr. árið áður, þar af var gengistap 22 mkr. en var 64 mkr. árið áður. Hagnaður af sölu fjárfestinga var 1.261 mkr. en var 651 mkr. árið 2002. Hér er fyrst og fremst um hagnað af sölu hlutabréfa að ræða. Fjárfestingartekjur yfirfærðar á vátryggingarekstur voru 1.305 mkr., samanborið við 830 mkr. árið áður. Undir liðnum önnur gjöld er gjaldfærsla á afskrift af viðskiptavild vegna kaupa á Tryggingu hf. að fjárhæð 111 mkr. og tapaðar kröfur og niðurfærsla að fjárhæð 77 mkr.

Hagnaður af vátryggingarekstri á árinu 2003 var 1.057 mkr. en var 258 mkr. árið áður. Vátryggingareksturinn gekk vel á árinu enda tjónþungi með minnsta móti í flestum greinum. Eigin tjón á móti eigin iðgjöldum voru 84,6% en 92,8% árið 2002. Megin ástæðan fyrir þessum góða hagnaði er vegna reiknaðra fjárfestingartekna af vátryggingastarfsemi sem rekja má til mikils söluhagnaðar af hlutabréfum í eigu félagsins. Stór hluti þess söluhagnaðar reiknast sem tekjur í vátryggingarekstrinum. Reiknaðar fjárfestingartekjur af skaðatryggingastarfsemi á árinu 2003 eru 1.305 mkr. en var 830 mkr. árið áður. Hlutfall fjárfestingartekna af eigin iðgjöldum er 25,0% en var 15,6% árið áður.

Bókfærð iðgjöld voru 6.208 mkr., samanborið við 6.332 mkr. árið áður og lækkuðu um 2,0%. Þetta er í fyrsta sinn í mörgum ár sem iðgjaldtekjur félagsins lækka og stafar það aðallega af lækkanði iðgjaldstöxtum í ökutækjatryggingum og harðnandi samkeppni. Eigin iðgjöld voru 5.212 mkr., samanborið við 5.330 mkr. árið áður og lækkuðu um 2,2%. Bókfærð tjón voru 4.394 mkr. en 6.917 mkr. á árinu 2002 en á því ári greiddi félagið um 2.100 mkr. vegna alltjóns m/s Guðrúnar Gísladóttur. Eigin tjón ársins voru 4.409 mkr. en voru 4.948 mkr. árið áður og lækkuðu um 10,9%.

Ársskýrsla

Eins og sést á yfirlitinu hér á eftir er hagnaður af rekstri eignatrygginga 12 mkr. Rekstur sjó- og farmtrygginga gekk vel á árinu, ekkert stórt tjón lenti á félaginu og er hagnaður 207 mkr. Góð afkoma er í ökutækjatryggingum, hagnaður af lögboðnum ökutækjatryggingum er 761 mkr. og hagnaður af öðrum ökutækjatryggingum er 145 mkr. Á síðustu tveimur árum hefur dregið talsvert úr tíðni slysa og óhappa í umferðinni. Viðskiptavinir félagsins hafa verið látnir njóta þess með ýmsum hætti. Iðgjaldaskrár hafa verið lækkaðar og afsláttur til tjónlausra viðskiptavina aukinn. Algengt er að viðskiptavinir greiði u.þ.b. 15% lægra iðgjald fyrir lögboðnar ökutækjatryggingar í lok ársins en í upphafi þess. Hagnaður af ábyrgðartryggingum er 152 mkr. en tap í slysatryggingum 261 mkr. Ástæður þessa taps má rekja til óhagstæðrar tjónapróunar í atvinnuslysatryggingum, einkum slysatryggingum sjómanna. Iðgjaldagrundvöllur þeirra hefur verið endurskoðaður og iðgjöld hækkuð.

Samanburður á rekstrarafkomu einstakra greinaflokka váttrygginga síðastliðin fimm ár.

	2003	2002	2001	2000	1999
Eignatryggingar	12,2	(197,4)	(167,5)	(46,6)	58,1
Sjó-, flug- og farmtryggingar	207,2	(46,7)	93,8	253,5	287,9
Lögboðnar ökutækjatryggingar	761,0	374,0	50,4	(321,9)	(299,9)
Aðrar ökutækjatryggingar	144,6	58,7	126,9	6,4	(50,7)
Almennar ábyrgðartryggingar	152,7	49,9	97,3	150,0	97,8
Slysa- og sjúkratryggingar	(261,2)	17,8	41,5	42,8	101,5
Endurtryggingar	41,7	2,1	66,3	60,9	61,5
Samtals	1.058,2	258,4	308,7	145,1	256,2

Iðgjöld ársins. Hér fer á eftir samanburður á iðgjöldum ársins síðastliðin fimm ár.

	2003	2002	2001	2000	1999
Eignatryggingar	1.099,9	972,1	827,7	689,8	711,0
Sjó-, flug- og farmtryggingar	999,2	982,9	868,8	868,3	900,8
Lögboðnar ökutækjatryggingar	2.321,6	2.385,7	2.076,2	1.516,1	1.126,6
Aðrar ökutækjatryggingar	724,4	775,2	700,7	583,6	503,0
Almennar ábyrgðartryggingar	278,4	279,6	440,8	294,3	256,0
Slysa- og sjúkratryggingar	862,2	830,8	536,9	481,2	426,5
Endurtryggingar	39,8	50,6	27,3	50,8	50,3
Samtals	6.325,5	6.276,9	5.478,4	4.484,1	3.974,2

Fjárhæðir eru í milljónum króna.

Tjón ársins. Hér fer á eftir samanburður á tjónum ársins síðastliðin fimm ár.

	2003	2002	2001	2000	1999
Eignatryggingar	709,9	778,7	873,9	1.824,6	476,9
Sjó-, flug- og farmtryggingar	263,0	2.888,2	641,5	772,2	516,6
Lögboðnar ökutækjatrýggingar	1.818,9	2.132,2	2.044,6	2.127,2	1.940,6
Aðrar ökutækjatrýggingar	469,6	602,5	452,8	509,3	471,7
Almennar ábyrgðartryggingar	181,2	278,3	354,7	162,5	205,2
Slysa- og sjúkratryggingar	971,3	577,8	366,5	404,9	168,1
Endurtryggingar	10,7	42,9	1,3	28,1	42,1
Samtals	4.424,6	7.300,6	4.735,3	5.828,8	3.821,2
Tjónahlutfall:					
Tjón ársins / iðgjöld ársins	69,9%	116,3%	86,4%	130,0%	96,2%

Fjárhæðir eru í milljónum króna.

Matsþróun tjóna. Samkvæmt reglugerð um reikningsskil vátryggingafélaga ber að sundurliða tjón ársins í tjón sem urðu á árinu og matsbreytingar eldri tjóna í þeim greinaflokkum þar sem matsbreytingarnar eru meiri en 10% af tjónum ársins. Í skýringu 24b er þessi sundurliðun sýnd í öllum greinaflokkum. Matsþróun tjónaskuldar var jákvæð um 681 mkr. sem er 7,3% af tjónaskuld fyrra árs. Í eigin hlut er matsþróunin jákvæð um 547 mkr. sem er 6,5% af eigin tjónaskuld fyrra árs. Ef miðað er við eigin tjón ársins er matsþróun eigin tjónaskuldar jákvæð um 12,4%.

Skrifstofurekstur. Rekstrarkostnaður vegna vátryggingarekstrar að frádregnum umboðslaunatekjum nam 1.050 milljónum króna á árinu en var 954 milljónir króna árið áður. Hlutfall hreins rekstrarkostnaðar af bókfærðum iðgjöldum var 16,9% á árinu en var 15,1% á árinu 2002.

Starfsmannahald. Árið 2003 voru starfsmenn að meðaltali 106 sem er óbreytt frá árinu 2002. Nú starfa 85 á aðalskrifstofu, 6 í tjónaskoðunarstöðinni, 1 á Akranesi, 4 á Akureyri, 3 í Reykjanesbæ, 3 í Vestmannaeyjum og 4 í mötuneyti og ræstingu.

Hlutabréfaeign í öðrum félögum. Samstæðan á hlutabréf í 54 félögum. Keypt voru hlutabréf fyrir 2.431 milljón króna og seld hlutabréf fyrir 3.616 milljónir króna. Markaðsverð hlutabréfa skráð á hlutabréfamörkuðum, miðað við sölugengi 31.12.2003, var 6.531 milljón króna eða 1.130 milljónir króna umfram bókfært verð bréfanna og hafði umframverðið hækkað um 36 milljónir króna frá árinu áður. Innleystur söluhagnaður af hlutabréfum á árinu var 1.264 mkr.

Vátryggingaskuld félagsins. Heildarvátryggingaskuld félagsins nam 11.666 milljónum króna í árslok 2003, en hlutur endurtryggjenda er 665 milljónir króna. Eigin vátryggingaskuld er því 11.001 milljónir króna. Eigin vátryggingaskuld hefur hækkað um 166 milljónir króna frá árinu áður eða 1,5%. Eigin vátryggingaskuld er nú í hlutfallinu 2,11 á móti eigin iðgjöldum en þetta hlutfall var 2,03 árið áður.

Rekstrarhorfur. Mjög erfitt er að áætla rekstrarhorfur til skamms tíma hjá vátryggingafélagi þar sem langstærsti gjaldaliður félagsins, tjónin, er háður miklum sveiflum.

Stöðugt er fylgst með afkomu vátryggingagreina og iðgjaldagrundvöllur þeirra endurskoðaður með tilliti til tjónareynslu og aðstæðna á markaði. Það leiddi til lækkunar á iðgjöldum ökutækjategyginga og hækkunar á iðgjöldum atvinnuslysatrygginga á árinu 2003. Vonast er til að hagnaður verði af flestum greinum trygginga, en ólíklegt er að hann verði jafn mikill og á síðasta ári.

Fjármunatekjur félagsins byggjast á efnahagsumhverfinu og þeim möguleikum til ávöxtunar sem það gefur. Óvenju mikill söluhagnaður var af fjárfestingum á síðasta ári. Ekki er líklegt að fjárfestingartekjur verði jafn miklar á þessu ári.

Það er mat stjórnenda félagsins að hagnaður ársins 2004 verði verulega lægri en á síðasta ári nema til komi hagnaður af sölu fjárfestinga.

Ég vil þakka öllu starfsfólki félagsins, sem og umboðsmönnum um allt land, afar góð störf fyrir félagið. Árvekni þess og dugnaður er drifkraftur félagsins til framtíðar. Þá vil ég þakka öllum viðskiptavinum félagsins það traust sem þeir sýna félaginu með því að fela því vátryggingavernd hagsmuna sinna og eigna.

Reykjavík, 12. febrúar 2004

Gunnar Felixson

forstjóri

Skýrsla og áritun stjórnar og forstjóra

Ársreikningur Tryggingamiðstöðvarinnar hf. hefur að geyma samstæðuársreikning félagsins og ársreikninga móðurfélagsins. Samstæðuársreikningurinn felur í sér ársreikninga Tryggingamiðstöðvarinnar hf. og dótturfélaganna, Tryggingar hf. og Líftryggingamiðstöðvarinnar hf., sem eru að öllu leyti í eigu Tryggingamiðstöðvarinnar hf.

Stjórnin leggur til að greiddur verði alls eitt þúsund milljónir kr. í arð til hluthafa en vísar að öðru leyti til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum félagsins.

Í lok ársins voru hluthafar félagsins 492 að tölu og hafði fækkað um 26 frá fyrra ári. Í lok ársins áttu tveir hluthafar meira en 10% hlutafjár:

Kaldbakur hf.	32,76%
Fram hf.	19,95%

Stjórn Tryggingamiðstöðvarinnar hf. og forstjóri staðfesta hér með ársreikning félagsins fyrir árið 2003 með áritun sinni.

Reykjavík, 12. febrúar, 2004.

Stjórn:

Gunnlaugur Sævar Gunnlaugsson, formaður.

Eiríkur S. Jóhannsson

Geir Zoëga

Guðbjörg Matthíasdóttir

Sigurbjörn Magnússon

Sindri Sindrason

Þorsteinn Már Baldvinsson

Forstjóri:

Gunnar Felixson

Áritun endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa Tryggingamiðstöðvarinnar hf.

Við höfum endurskoðað ársreikning þennan fyrir Tryggingamiðstöðina hf. fyrir árið 2003. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymi og skýringar. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum félagsins og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt því ber okkur að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáist um að ársreikningurinn sé í meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin tekur mið af mati okkar á mikilvægi og áhættu einstakra þátta og felur í sér greiningaraðgerðir, úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningskilaaðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Við teljum að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2003, efnahag þess 31. desember 2003 og breytingu á handbæru fé á árinu 2003, í samræmi við lög og samþykktir félagsins og góða reikningskilavenju.

Reykjavík, 12. febrúar 2004.

PricewaterhouseCoopers ehf.

Þórir Ólafsson
löggiltur endurskoðandi

Ólafur Þór Jóhannesson
löggiltur endurskoðandi

Samstæðureikning þennan fyrir Tryggingamiðstöðina hf. árið 2003 hef ég, kjörinn skoðunarmaður, yfirfarið og legg til að hann verði samþykktur.

Reykjavík, 12. febrúar 2004.

Kristinn V. Jóhannsson
kjörinn skoðunarmaður

Rekstrarreikningur ársins 2003

Tekjur og gjöld af váttryggingarekstri:		Samstæða		Móðurfélag	
		2003	2002	2003	2002
Skaðatryggingarekstur	Skýr.				
Iðgjöld:					
Bókfærð iðgjöld		6.207.926	6.332.326	6.207.926	6.332.326
Hlutur endurtryggjenda		(1.109.913)	(941.056)	(1.109.913)	(941.056)
Breyting á iðgjaldaskuld		117.556	(55.410)	117.556	(55.410)
Breyting á hlut endurtryggjenda		(3.282)	(5.604)	(3.282)	(5.604)
Eigin iðgjöld	24	5.212.287	5.330.256	5.212.287	5.330.256
Fjárfestingartekjur af váttryggingarekstri	25	1.304.924	829.519	1.304.446	829.519
Tjón:					
Bókfærð tjón		(4.394.238)	(6.916.803)	(4.394.238)	(6.916.803)
Hlutur endurtryggjenda		255.395	2.769.507	255.395	2.769.507
Breyting á tjónaskuld		(30.405)	(383.830)	(30.405)	(376.330)
Breyting á hlut endurtryggjenda		(240.034)	(416.398)	(240.034)	(416.398)
Eigin tjón	24	(4.409.282)	(4.947.523)	(4.409.282)	(4.940.023)
Rekstrarkostnaður:					
Sölukostnaður		(406.154)	(372.104)	(406.154)	(372.104)
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(665.338)	(616.063)	(665.338)	(616.063)
Umboðslaun og ágóðahluti frá endurtryggjendum		21.714	34.347	21.714	34.347
Hreinn rekstrarkostnaður		(1.049.778)	(953.820)	(1.049.778)	(953.820)
Breyting á útjöfnunarskuld	24	0	0	0	0
Hagnaður af skaðatryggingarekstri		1.058.150	258.431	1.057.672	265.931
Hagnaður (tap) af líftryggingarekstri	3	(1.177)	0	0	0
Hagnaður af váttryggingarekstri		1.056.973	258.431	1.057.672	265.931
Tekjur og gjöld af fjármálarekstri:					
Fjárfestingartekjur:					
Tekjur (gjöld) frá dótturfélögum	2	0	0	16.657	(5.858)
Tekjur (gjöld) frá hlutdeildarfélögum		57.432	6.214	57.432	6.214
Tekjur af öðrum eignarhlutum		206.610	108.972	203.762	106.694
Tekjur (gjöld) af húseignum og lóðum	26	(26.548)	(14.751)	(25.691)	(13.628)
Vaxtatekjur og gengismunur	27	709.575	712.463	686.950	710.958
Hagnaður af sölu fjárfestinga	9	1.261.306	651.007	1.261.306	651.007
Fjárfestingartekjur		2.208.375	1.463.905	2.200.416	1.455.387
Fjárfestingargjöld:					
Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður		(82.940)	(79.805)	(80.916)	(77.001)
Vaxtagjöld		(30.959)	(45.921)	(30.959)	(45.921)
Gjöld vegna matsbreytinga á fjárfestingum		(39.701)	(70.760)	(38.113)	(70.760)
Fjárfestingargjöld		(153.600)	(196.486)	(149.988)	(193.682)
Fjárfestingartekjur yfirfærðar á skaðatryggingarekstur	25	(1.304.924)	(829.519)	(1.304.446)	(829.519)
Hagnaður af fjármálarekstri		749.851	437.900	745.982	432.186
Aðrar tekjur (gjöld) af reglulegri starfsemi					
Aðrar tekjur		72.014	29.522	72.014	29.522
Önnur gjöld	30	(187.763)	(230.370)	(187.763)	(230.370)
Aðrar tekjur (gjöld) af reglulegri starfsemi		(115.749)	(200.848)	(115.749)	(200.848)
Hagnaður fyrir tekju- og eignarskatt		1.691.075	495.483	1.687.906	497.269
Tekju- og eignarskattur	31	(266.641)	(40.741)	(263.472)	(42.527)
Hagnaður ársins		1.424.434	454.742	1.424.434	454.742

Efnahagsreikningur 31. desember 2003

Eignir:	Skýr.	Samstæða		Móðurfélag	
		2003	2002	2003	2002
Óefnislegar eignir:					
Viðskiptavild	2,30	555.666	666.798	555.666	666.798
Fjárfestingar:					
Húseignir og lóðir	7	433.231	460.458	399.340	425.416
Samstæðu- og hlutdeildarfélag:					
Hlutir í samstæðufélögum	2			520.142	503.485
Hlutir í hlutdeildarfélagum	8,14	694.452	685.720	694.452	685.720
Lán til hlutdeildarféлага		14.438	100.748	14.438	100.748
		708.890	786.469	1.229.032	1.289.954
Aðrar fjárfestingar:					
Verðbréf með breytilegum tekjum	8-10	6.293.592	6.200.974	6.185.852	6.091.646
Verðbréf með föstum tekjum	11	876.562	921.196	876.562	921.196
Veðlán	12	2.333.870	2.870.801	2.333.870	2.870.801
Önnur útlán	13	690.535	759.826	664.329	738.899
		10.194.558	10.752.797	10.060.613	10.622.542
Geymslufé vegna endurtrygginga		21.144	25.916	21.144	25.916
Fjárfestingar		11.357.824	12.025.640	11.710.130	12.363.829
Hlutur endurtryggjenda í vátryggingaskuld:					
Iðgjaldaskuld		13.215	14.765	11.483	14.765
Tjónaskuld		649.469	889.503	649.469	889.503
Bótaskuld vegna líftrygginga		2.700	0	0	0
Hlutur endurtryggjenda í vátryggingaskuld		665.384	904.268	660.952	904.268
Kröfur:					
Kröfur á vátryggingataka		1.310.556	1.372.276	1.307.441	1.372.276
Aðrar kröfur vegna frumtryggingastarfsemi		107	1.196	107	1.196
Kröfur vegna endurtryggingastarfsemi		84.205	120.330	83.390	119.432
Aðrar kröfur		2.289	174	0	0
Kröfur		1.397.157	1.493.975	1.390.938	1.492.904
Aðrar eignir:					
Rekstrarfjármunir og aðrar efnislegar eignir	15	130.765	154.122	129.015	151.185
Sjóður og bankainnstæður		4.364.826	1.826.461	4.055.000	1.533.735
Aðrar eignir		4.495.592	1.980.583	4.184.016	1.684.920
Eignir samtals		18.471.622	17.071.264	18.501.701	17.112.717

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

Eigið fé og skuldir:	Skýr.	Samstæða		Móðurfélag	
		2003	2002	2003	2002
Eigið fé:					
Hlutafé		932.396	932.396	932.396	932.396
Yfirverðsreikningur hlutafjár		867.803	867.803	867.803	867.803
Lögbundinn varasjóður		58.300	58.300	58.300	58.300
Óráðstafað eigið fé		4.153.260	2.915.305	4.153.260	2.915.305
Eigið fé	16-17	6.011.759	4.773.804	6.011.759	4.773.804
Vátryggingaskuld:					
Iðgjaldaskuld		1.389.197	1.500.453	1.382.897	1.500.453
Tjónaskuld		9.361.189	9.330.784	9.308.689	9.278.284
Bótaskuld vegna líftrygginga		8.000	0	0	0
Útjöfnunarskuld		908.000	908.000	908.000	908.000
Vátryggingaskuld		11.666.386	11.739.237	11.599.586	11.686.737
Aðrar skuldbindingar:					
Tekjuskattsskuldbinding	19	357.374	132.077	348.967	123.642
Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir:					
Skuldir við dótturfélög	20			122.419	120.093
Skuldir vegna frumtryggingastarfsemi		65.481	86.834	65.481	86.834
Skuldir vegna endurtryggingastarfsemi		102.838	67.539	89.650	52.655
Skuldabréfalán	21	42.091	42.175	42.091	42.175
Aðrar skuldir	22	157.668	163.743	153.724	160.923
Viðskiptaskuldir		368.078	360.291	473.365	462.680
Áfallinn kostnaður og tekjur innheimtar fyrirfram	23	68.025	65.855	68.025	65.855
Eigið fé og skuldir samtals		18.471.622	17.071.264	18.501.701	17.112.717

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

Sjóðstreymi ársins 2003

	Skýr.	Samstæða		Móðurfélag	
		2003	2002	2003	2002
Rekstrarhreyfingar:					
Hagnaður ársins		1.424.434	454.742	1.424.434	454.742
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:					
Afskriftir rekstrarfjármuna og húseigna	7,15	85.481	71.516	83.141	69.176
Hækkun eigin váttryggingaskuldar		166.033	861.242	156.165	853.742
Verðbætur og gengismunur		(86.995)	(74.282)	(86.995)	(74.282)
Tap (hagnaður) hlutdeildarféлага		(57.432)	(6.214)	(74.089)	(356)
Tekjuskattsskuldbinding, (lækkun) hækkun		225.297	40.569	225.325	42.527
Afskrifuð viðskiptavild v/yfirverðs	30	111.132	111.132	111.132	111.132
Hagnaður af sölu eigna og matsbreytingar		(1.221.349)	(580.180)	(1.222.937)	(580.180)
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:					
Skammtímafrófur, (hækkun) lækkun		101.590	219.928	106.738	216.692
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		9.958	(379.793)	12.854	(317.050)
Handbært fé frá rekstri		758.148	718.660	735.770	776.143
Fjárfestingarhreyfingar:					
Söluverð rekstrarfjármuna		4.127	2.525	4.127	2.525
Kaupverð rekstrarfjármuna		(42.093)	(106.931)	(42.093)	(106.931)
Arður af dóttur- og hlutdeildarfélögum		54.030	36.169	54.030	66.708
Afborganir skuldabréfa		2.279.680	2.512.443	2.284.958	2.512.443
Keypt skuldabréf		(1.511.783)	(1.715.576)	(1.511.783)	(1.715.576)
Söluverð hlutabréfa í öðrum félögum		3.616.254	1.164.777	3.616.254	1.164.777
Kaupverð eignarhluta í öðrum félögum		(2.431.437)	(1.962.550)	(2.431.437)	(2.296.365)
Fjárfestingarhreyfingar		<u>1.968.777</u>	<u>(69.144)</u>	<u>1.974.055</u>	<u>(372.418)</u>
Fjármögnunarhreyfingar:					
Afborganir langtímalána	21	(2.081)	(1.542)	(2.081)	(1.542)
Greiddur arður		(186.479)	(186.479)	(186.479)	(186.479)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(188.560)</u>	<u>(188.021)</u>	<u>(188.560)</u>	<u>(188.021)</u>
Fjárfestingar- og fjármögnunarhreyfingar		1.780.217	(257.165)	1.785.495	(560.439)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé		2.538.365	461.496	2.521.265	215.704
Handbært fé í ársbyrjun		1.826.461	1.364.965	1.533.735	1.318.031
Handbært fé í árslok		4.364.826	1.826.461	4.055.000	1.533.735

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög nr. 144/1994 um ársreikninga og reglugerð nr. 613/1996 um ársreikninga og samstæðureikninga váttryggingafélaga annarra en líftryggingafélaga. Ársreikningurinn er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Samstæðureikningurinn innifelur ársreikninga Tryggingamiðstöðvarinnar hf. og dótturfélaganna Tryggingar hf. og Líftryggingamiðstöðvarinnar hf., sem eru að öllu leyti í eigu Tryggingamiðstöðvarinnar hf.

Ársreikningur samstæðunnar er gerður með þeim hætti að lagðir eru saman sambærilegir liðir eigna, skulda, tekna og gjalda úr ársreikningum félaganna í samstæðunni en innbyrðis inneignum og skuldum milli samstæðufélaga eytt svo og innbyrðis viðskiptum.

2. Eignarhlutir í Tryggingu hf., Líftryggingamiðstöðinni hf., Heklu hf. og Íslenskri endurtryggingu hf. eru metnir samkvæmt hlutdeildaraðferð. Aðrir eignarhlutir í félögum eru metnir á kostnaðarverði.

Á liðinn viðskiptavild er fært yfirverð vegna kaupa móðurfélagsins á dótturfélaginu Tryggingu hf., sem ekki tengist einstökum eignum þess. Eftirstöðvar viðskiptavildarinnar gjaldfærast á næstu 5 árum.

Viðskiptavild greinist þannig:

Staða í ársbyrjun	666.798
Gjaldfærð viðskiptavild á árinu	<u>(111.132)</u>
Staða í árslok	<u>555.666</u>

Eignarhlutur móðurfélags í dótturfélögum er eignfærður á verði sem svarar til hlutdeildar félagsins í bókfærðu eigin fé þeirra í lok ársins auk yfirverðs einstakra eigna. Sá hluti yfirverðs sem tengist einstökum eignum dótturfélagsins Tryggingar hf., er í samstæðureikningi færður til hækkunar á þeim.

	Líftrygginga- miðstöðin hf.	Trygging hf.	Samtals
Bókfært verð í ársbyrjun	250.783	252.702	503.485
Hagnaður ársins	<u>14.066</u>	<u>2.591</u>	<u>16.657</u>
Bókfært verð í árslok	<u>264.849</u>	<u>255.293</u>	<u>520.142</u>

Eignarhlutir í dótturfélögum greinast á eftirfarandi hátt í árslok:

Hlutdeild í bókfærðu eigin fé Tryggingar hf. 31.12.2003	228.168
Yfirverð einstakra eigna Tryggingar hf. 31.12.2003	<u>27.124</u>
	255.293
Hlutdeild í bókfærðu eigin fé Líftryggingamiðstöðvarinnar hf. 31.12.2003	<u>264.849</u>
	<u>520.142</u>

Líftryggingarekstur

3. Tekjur og (gjöld) af líftryggingarekstri samstæðunnar greinist þannig:

Eigin iðgjöld	19.477
Fjárfestingatekjur	1.101
Eigin líftryggingabætur	(8.438)
Breyting á eigin iðgjalda- og annarri líftryggingaskuld	(4.568)
Rekstrarkostnaður	<u>(8.749)</u>
Hagnaður (Tap) af líftryggingarekstri	<u>(1.177)</u>
Iðgjaldaskuld flokkast þannig á einstaka flokka vegna líftryggingarekstrar:	
Áhættulíftryggingar	3.307
Sjúkdómatryggingar	<u>2.993</u>
	6.300
Bókfærð iðgjöld flokkast þannig á einstaka flokka vegna líftryggingarekstrar:	
Áhættulíftryggingar	17.308
Sjúkdómatryggingar	<u>5.200</u>
	22.508
Hluti endurtryggjenda í iðgjöldum vegna líftryggingarekstrar	<u>(3.031)</u>
	<u>19.477</u>

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

Skýringar

4. Afskriftir ársins eru reiknaðar sem fastur hundradshluti af kaupverði, þó með því fráviki að kaupverð húseigna og rekstrarfjármuna sem keyptir voru árið 2001 og fyrr hefur verið framreiknað til árslokaverðlags 2001.

Afskriftarhlutföll eignaflokka eru eftirfarandi:

Húseignir	3%–6%
Skrifstofuáhöld, innrétingar og tölvur	20%–33%
Bifreiðar	10%

Afskriftir reiknast hlutfallslega miðað við eignarhaldstíma innan ársins.

5. Áfallinn gengismunur og verðbætur á höfuðstól eigna og skulda eru færð í rekstrarreikning. Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2003, eignir á kaupgengi og skuldir á sölugengi, en tekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadagsins.
6. Í efnahagsreikningi eru skammtímakröfur og verðbréf færð niður um 175 mkr. hjá samstæðunni sem er sama fjárhæð og hjá móðurfélaginu. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreykingur sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast. Kröfur og eignir sem eru endanlega tapaðar, samtals að fjárhæð 76,6 mkr., voru færðar út úr bókum samstæðunnar.

Fjárfestingar

7. Húseignir og eignarlóðir greinast þannig:

	Samstæða 2003
Stofnverð í ársbyrjun	682.287
Selt á árinu	(7.407)
Stofnverð í árslok	674.880
Afskriftir alls í ársbyrjun	221.829
Selt á árinu	(667)
Afskriftir ársins	20.488
Afskriftir samtals í árslok	241.650
Bókfært verð í árslok	433.231

Fasteignamat, brunabótamat og bókfært verð húseigna og eignarlóða samstæðunnar greinast þannig í lok ársins:

	Fasteigna- mat	Brunabóta- mat	Bókfært verð
Aðalstræti 6, Reykjavík (75,63%)	255.217	369.155	241.729
Aðalstræti 8, Reykjavík (64,77%)	85.189	114.930	94.049
Hamarshöfði 2, Reykjavík (100%)	28.476	35.644	10.024
Austurvegur 6, Selfossi	12.998	29.091	33.890
Strandgata 3, Akureyri	8.939	18.079	18.883
Strandvegur 63, Vestm. (100%)	8.754	23.606	17.051
Hafnarbraut 6, Nesk. (20%)	2.324	6.509	3.360
Sumarhús	11.251	20.429	12.051
Fischersund 1 (lóð)	1.255		556
Mjóstræti 5 (lóð)	3.379		0
Strandvegur 61, Vestm. (lóð)	317		
	418.099	617.443	433.231

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

Eignarhlutir í öðrum félögum

8. Samstæðan á eignarhluti í eftirgreindum félögum og er hann færður á kaupverði, nema þegar um dóttur- og hlutdeildarfélög er að ræða.

	Eignar- hlutur	Samstæða		Móðurfélag	
		Nafnverð	Bókfært verð	Nafnverð	Bókfært verð
Dótturfélög:					
Líftryggingamiðstöðin hf., Reykjavík	100,00%			250.000	264.849
Trygging hf., Reykjavík	100,00%			203.600	255.293
				<u>453.600</u>	<u>520.142</u>
Eignarhlutir samstæðunnar í félögum:					
Hlutdeildarfélög, eignarhlutur 20%–50%:					
Hekla hf., Reykjavík	33,33%	48.000	358.800	48.500	358.800
Íslensk endurtrygging hf., Reykjavík	38,31%	135.074	335.652	135.074	335.652
		<u>183.074</u>	<u>694.452</u>	<u>183.574</u>	<u>694.452</u>
Hlutabréf skráð á hlutabréfamarkaði:					
Austurbakki hf., Reykjavík	2,08%	300	13.626	300	13.626
Bakkavör-Group hf., Njarðvík	1,33%	20.147	175.617	20.147	175.617
deCode genetics, USA (37.864 hlutir) . . .		0	35.719	0	35.719
HF. Eimskipafélag Íslands, Reykjavík . . .	5,55%	286.166	1.568.996	286.166	1.568.996
Eskja hf., Eskifirði	9,55%	43.084	213.474	43.084	213.474
Fiskmarkaður Íslands hf., Snæfellsbæ . . .	2,88%	2.050	3.316	2.050	3.316
Grandi hf., Reykjavík	2,42%	35.760	180.326	35.760	180.326
Hraðfrystihúsið-Gunnvör hf., Hnífsdal . . .	3,38%	22.757	163.401	22.757	163.401
Hraðfrystistöð Þórshafnar hf., Þórshöfn . .	2,11%	10.315	28.160	10.315	28.160
Landsbanki Íslands hf., Reykjavík	4,47%	335.371	1.409.866	335.371	1.409.866
Líftækniþjófurinn, Reykjavík	0,67%	1.250	15.335	1.250	15.335
Nýherji hf., Reykjavík	1,00%	2.640	14.062	2.640	14.062
Opin kerfi hf., Reykjavík	0,72%	1.701	23.675	1.701	23.675
Samherji hf., Akureyri	3,61%	59.955	638.589	59.955	638.589
SÍF hf., Hafnarfirði	1,83%	27.327	91.948	27.327	91.948
Síldarvinnslan hf., Neskaupstað	2,21%	37.492	188.955	37.492	188.955
Stáltak hf., Reykjavík	3,86%	6.550	6.550	6.550	6.550
Sölumiðst. hraðfrystihúsanna hf., Rvík . . .	0,58%	8.743	51.668	8.743	51.668
Tangi hf., Vopnafirði	2,56%	22.609	37.321	22.609	37.321
Vinnslustöðin hf., Vestm.eyjum	0,43%	6.740	30.068	6.740	30.068
Þorbjörn Fiskanæs hf., Grindavík	6,07%	67.554	383.273	67.554	383.273
Þormóður rammi-Sæberg hf., Siglufirði . .	1,97%	25.667	126.708	25.667	126.708
		<u>1.024.179</u>	<u>5.400.653</u>	<u>1.024.179</u>	<u>5.400.653</u>

Skýringar

	Eignar- hlutur	Samstæða		Móðurfélag	
		Nafnverð	Bókfært verð	Nafnverð	Bókfært verð
Hlutabréf ekki skráð á hlutabréfamarkaði:					
Eignarhaldsfélag Vestm.eyja hf.,	5,00%	12.500	12.634	12.500	12.634
EJS Scandinavia ehf., Reykjavík	0,08%	310	8.367	310	8.367
Fiskiðjan Skagfirðingur hf., Sauðárkróki . .	0,53%	3.787	4.866	3.787	4.866
GoPro ehf., Reykjavík	0,51%	1.170	13.556	1.170	13.556
Hraðfrystihús Hellissands hf., Hellissandi .	4,36%	510	30.999	510	30.999
Ísfélag Vestmannaeyja hf., Vestm.eyjum .	2,31%	11.561	76.335	11.561	76.335
Íshaf hf., Húsavík	4,04%	50.000	50.000	50.000	50.000
Karl K. Karlsson ehf., Reykjavík	0,25%	13	5.629	13	5.629
Kassagerð Reykjavíkur ehf., Reykjavík . .	5,00%	17.500	33.250	17.500	33.250
Katlar ehf., Ísafjörður	13,33%	20.000	20.000	20.000	20.000
Landssími Íslands hf., Reykjavík	0,00%	300	1.751	300	1.751
Latibær ehf., Seltjarnarnesi	1,33%	183	20.000	183	20.000
Norðurós ehf., Blönduósi	3,62%	1.000	6.000	1.000	6.000
Oddi hf., Vesturbyggð	4,92%	5.000	6.050	5.000	6.050
Ráeyri ehf., Siglufirði	6,50%	78.000	78.000	78.000	78.000
Softis hf. Reykjavík	2,84%	7.500	7.500	7.500	7.500
Stuðlaháls ehf., Reykjavík	1,85%	8.333	8.372	8.333	8.372
Tölvumyndir ehf., Reykjavík	4,02%	6.038	55.154	3.019	27.577
Vélaver hf., Reykjavík	37,13%	28.480	80.163	0	0
Vífilfell hf., Reykjavík	2,00%	9.990	40.032	9.990	40.032
Vísir hf., Grindavík	2,48%	453	59.170	453	59.170
Þórsberg ehf., Tálknafirði	5,00%	1.075	5.750	1.075	5.750
Eignarhlutir í öðrum félögum		6.016	8.394	6.016	8.394
		269.718	631.973	238.220	524.234
Hlutafélög, önnur en dóttur- og hlutdeildarfélög		1.293.898	6.032.626	1.262.399	5.924.887
Samtals eignarhlutir í öðrum félögum		1.477.472	6.727.079	1.899.573	7.139.481

9. Bókfært verð hlutabréfa, sem skráð eru á hlutabréfamarkaði nam 5.401 mkr. í árslok, en markaðsverð þeirra var á sama tíma 6.531 mkr.

Breyting á markaðsverði skráðra hlutabréfa greinist þannig á árinu:

Markaðsverð í ársbyrjun	6.569.241
Kaupverð hlutabréfa	2.253.124
Bókfært verð seldra hlutabréfa og aðrar breytingar	(2.327.058)
Hækkun markaðsverðs á árinu	36.078
Markaðsverð miðað við gengi í árslok 2003	<u>6.531.386</u>

	Samstæða 2003	Samstæða 2002
Hagnaður af sölu fjárfestinga sundurliðast þannig:		
Hlutabréf skráð á hlutabréfamarkaði	1.256.490	510.069
Hlutabréf ekki skráð á hlutabréfamarkaði	7.630	140.938
Aðrar fjárfestingar	(2.814)	0
	<u>1.261.306</u>	<u>651.007</u>

10. Verðbréf með breytilegum tekjum sundurliðast þannig:

1) Hlutabréf (önnur en dóttur- og hlutdeildarfélag)	6.032.626	5.998.354
2) Hlutdeildarskírteini í verðbréfasjóðum	251.708	193.363
3) Stofnfé	9.257	9.257
	<u>6.293.592</u>	<u>6.200.974</u>

11. Verðbréf með föstum tekjum sundurliðast þannig:

Verðbréf með ríkisábyrgð	846.126	887.175
Skuldabréf með bankaábyrgð	30.436	34.021
	<u>876.562</u>	<u>921.196</u>

12. Veðlán sundurliðast þannig:

Skuldabréf með veði í skipi	290.730	432.828
Skuldabréf með veði í fasteign	246.668	345.562
Skuldabréf með veði í bifreið	1.796.472	2.092.411
	<u>2.333.870</u>	<u>2.870.801</u>

13. Önnur útlán sundurliðast þannig:

Skuldabréf með sjálfskuldarábyrgð	529.583	659.139
Víxlar og önnur lán	160.952	100.686
	<u>690.535</u>	<u>759.826</u>

Skýringar

14. Hlutir í hlutdeildarfélögum

Móðurfélagið á yfir 20% eignarhlut í tveimur félögum og í samræmi við reglugerð um ársreikninga váttryggingafélaga nr. 613/1996 eru eignarhlutirnir metnir samkvæmt hlutdeildaraðferð. Varðandi sundurgreiningu einstakra eignarhluta vísast í skýringu nr. 8.

Þrátt fyrir að eignarhlutur í Vélaveri hf. sé yfir 20% er ekki beitt hlutdeildaraðferð við mat eignarhlutans, þar sem hann hefur óverulega þýðingu á rekstur og efnahag samstæðunnar.

Aðrar eignir

15. Rekstrarfjármunir og aðrar efnislegar eignir greinast þannig:

**Samstæða
2003**

Stofnverð í ársbyrjun	315.986
Keypt á árinu	42.093
Niðurlagt á árinu	(82.198)
